

**8. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttar-, æskulýðsnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, fimmtudaginn 17. september 2015
og hófst hann kl. .**

Fundinn sátu:

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) formaður, Krístrún Guðjónsdóttir (KG) aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Helga Birna Berthelsen (HBB) embættismaður og Elísabet Kjartansdóttir (EK) aðalmaður.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, sveitarstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna. jafnframt var Páll Vilhjálmsson, Íþróttafulltrúi boðinn velkominn. Einnig Gunnur Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Hjallastefnunar.

Dagskrá:

Finnst undarlegt að ekki sé leitað til Hjallastefnunnar með að vera með erindi þarna.

1. 1509043 - Skólaráðstefna Patreksfirði, 1.október 2015.

Kynnt var skólaping á Patreksfirði þann 1 október.n.k. Fulltrúi frá Hjallastefnunni mun mæta og kynna stefnuna á skólapingi.

2. 1509042 - Starfsáætlun íþróttar- og æskulýðsfulltrúa

Páll Vilhjálmsson nýráðinn Íþróttafulltrúi mætti á fundinn og kynnti áherslur í starfinu. Starf íþróttafulltrúa er samstarf Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Íþróttaskóli verður rekinn á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði á vegum Héraðssambandsins Hrafna Flóka. Íþróttaskóli verður rekinn fyrir börn frá 1- 4 bekk. en mikil ánægja er með íþróttaskólann í Tálknafirði og er mætting barna 100%. Markmiðið með íþróttaskólanum er að efla hreyfifærni og kynna sem flestar íþróttir fyrir börnum. Marmiðið er að samhæfa þjálfun á svæðinu, gæði íþróttastarfs og lækka kostnað heimila vegna íþróttaiðkunar barna. Gjaldið er 1750 kr á mánuði, auk þess er veittur systkynaafsláttur. Páll kynnti einnig drög að sumarstarfi, ss fyrirhuguð mót sem verða á svæðinu á næstuni. Einnig óskaði Páll eftir þátttöku í væntanlegri stefnumótunarvinnu.

Páll Vilhjálmsson vék af fundi og þakkar nefndin honum fyrir greinargóðar upplýsingar.

3. 1509041 - Fyrirkomulag sérfræðipjónustu vegna skólaársins 2015-2016.

Skólastjóri kynnti fyrirkomulag sérfræðipjónustu sem er í boði í skólanum á komandi skólaári.

En fyrirkomulag sérfræðipjónustu er kynnt í Starfsáætlun skólans.

4. 1509040 - Móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en Íslensku.

Móttökuáætlun fyrir börn með annað móðurmál en Íslensku var kynnt og fylgir Starfsáætlun skólans.

5. 1509038 - Foreldrafélag grunnskóla Tálknafjarðar. 2015 -2016.

Jenny Magnadóttir er formaður foreldrafélagsins.

Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn innan tíðar og þar verður kosið í stjórn.

6. 1509037 - Fulltrúi kennara í skólanefnd.

Fulltrúi kennara er Elísabet Kjartansdóttir og er hún boðin velkomin til starfa í nefndinni.

7. 1509036 - Skólanámsskrá 2015-2016.

Skólanámsskrá skólans er í vinnslu og verður kynnt fyrir Skólaráði og lögð fram á næsta fundi.

8. 1509035 - Starfsáætlun grunnskóla Tálknafjarðar 2015-2016.

Vinnsla á Starfsáætlun er í gangi og verður kynnt fyrir skólaráði og í framhaldi lögð fyrir næsta fund.

9. 1509039 - Nemendafélag Tálknafjarðarkóla

Starfandi er nemendafélag í skólanum og er starfsemi nemendafélagsins virk.

10. 1509046 - Framkvæmd sérfræðipjónustu við leikskóla.

Skólastjóri kynnti fyrirkomulag sérfræðipjónustu sem er í boði í skólanum á komandi skólaári.

En fyrirkomulag sérfræðipjónustu er kynnt nánar í starfsáætlun skólans.

11. 1509045 - Mat á árangri í leikskóla sbr. 18-19.gr. laga nr.90/2009.

Virkt innra mat er við leikskólans og eru gerðar reglulega áætlanir um umbætur.

Ytra mat skólans er unnið sbr úttekt á skólastarfi Tálknafjarðarskóla.

12. 1509044 - Skólanámsskrá og starfsáætlun leikskóla vegna ársins 2015-2016.

Skólastjóri mun leggja fram skólanámsskrá og starfsáætlun fyrir skólaráð og verður starfsáætlun og námsskrá lögð fyrir næsta fund nefndarinnar.

13. 1509051 - Þjóðarsáttmáli um læsi

Sveitarstjóri kynnti Þjóðarsáttmála um læsi og undirritaði hann fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.15.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____